

Úrskurður Samgöngustofu nr. 9/2024 vegna kvörtunar um seinkun á flugi Easy Jet nr. EZY1806 þann 21. febrúar 2022.

I. Erindi

Þann 2. mars 2023 barst Samgöngustofu (SGS) kvörtun frá ABCDE (Kvartendur). Kvartendur áttu bókað far með flugi Easy Jet (EJ) nr. EZY1806 þann 21. febrúar 2022 frá Keflavík til Manchester og fluginu seinkaði um 24 klukkustundir og 28 mínútur.

Að sögn EJ var fluginu seinkað vegna óviðráðanlegra aðstæðna sem rekja mætti til slæmra veðuraðstæðna.

Kvartendur fara fram á staðlaðar skaðabætur á grundvelli reglugerðar EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem er neitað um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sbr. reglugerð nr. 1048/2012 um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum í flugi sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst, seinkað eða flýtt eða vegna tapaðs farangurs eða tjóns á honum.

II. Málavextir og bréfaskipti

Kvörtunin var send EJ til umsagnar þann 2. mars 2023. Í svari EJ sem barst þann 27. mars 2023 kom m.a. eftirfarandi fram:

Flight EZY1806 (the “Flight”) was originally scheduled to be operated on February 21, by an Airbus A320 bearing tail registration G-UZHS (the “Aircraft”), departing from KEF at 19:55z and arriving at MAN at 22:35z. However, it could not operate according to schedule due to adverse meteorological conditions. (Exhibit 1)

On the day, Iceland was affected by severe weather, namely strong winds and heavy precipitation, with no prospect of improvement throughout the remainder of the day. These conditions impacted ground handling operations in KEF, as the wind was out of safe operational limits. (Exhibit 2-5)

The Flight was part of a rotation alongside the preceding sector, EZY1805, scheduled to depart from MAN at 16:10z and arrive in KEF at 19:05z. Given the conditions on the day, the decision was made to re-schedule both the preceding sector and the Flight itself to the following day under flight numbers EZY9805 and EZY9806 respectively, at which time conditions were set to improve to operable levels. Indeed, both sectors operated with success on February 22. (Exhibit 6-8)

Recital 14 of the Regulation states as follows:

“As under the Montreal Convention, obligations on operating air carriers should be limited or excluded in cases where an event has been caused by extraordinary circumstances which could not have been avoided even if all reasonable measures had

been taken. Such circumstances may, in particular, occur in cases of political instability, meteorological conditions incompatible with the operation of the flight concerned, security risks, unexpected flight safety shortcomings and strikes that affect the operation of an operating air carrier.”

The Recital makes clear that ‘extraordinary circumstances’ may occur in cases where meteorological conditions are incompatible with the operation of the flight concerned. However, the Court of Justice of the European Union (the “CJEU”) confirmed that the lists of examples contained within Recital 14 are “indeed only indicative”.¹ It is our view that, as a matter of common sense, ‘extraordinary circumstances’ may also occur in cases where meteorological conditions are incompatible with the operation of a previous flight where that causes a later flight to be disrupted.

In light of the above, it is our view that the disruption to the flight was caused by extraordinary circumstances.

SGS sendi kvartendum umsögn EJ þann 17. apríl 2023 til athugasemda. Í svári kvartenda sem barst þann 14. júlí 2023 kom eftirfarandi fram:

The fact remains that flights were still able to leave and arrive at KEF (such as FI455, OG405, W61539, W61773, FI213, NO1925 and others, to name a few, as well as their respective rotations on the ground before or after). Therefore if EZY chooses to cancel the flight while other airlines safely continued operating to and from KEF on the same aircraft type (A320 family) then the delay is unnecessarily long and they are bound to pay compensation under EU261/2004.

In addition I'd like to make it clear that now easyJet is providing a different explanation in an attempt to see what sticks. In a previous correspondence, which I have previously provided, they argued that the weather caused a Ground stop at KEF, despite as proved by me that aircraft continued coming in and out of KEF on 21st Feb and there wasn't a ground stop.

What's even more is that on the 22nd February they rescheduled our flights for the evening. Other airlines operated on 22nd in the morning and thus easyJet once again caused us an unnecessary delay and making the case for a compensation under EU261/2004. Easyjet itself even operated a flight to BRS at noon on 22nd, therefore showing once again that the it is already safe to operate in and out of KEF.

I look forward to hearing back from you and if you have any questions please feel free to contact me and I'd be happy to liase on it.

III. Forsendur og niðurstaða Samgöngustofu

Samgöngustofa fer með eftirlit með réttindum neytenda samkvæmt ákvæðum XVI. kafla laga um loftferðir nr. 80/2022 og skal grípa til viðeigandi aðgerða til að tryggja að réttindi farþega séu virt, sbr. 2. mgr. 207. gr. laganna.

Farþegar og aðrir sem eiga hagsmuna að gæta geta skotið ágreiningi er varðar fjárhagslegar kröfur og einkaréttarlega hagsmuni samkvæmt ákvæðum XVI. kafla laga um loftferðir til Samgöngustofu, sbr. 1. mgr. 208. gr. laganna. Náist ekki samkomulag eða sátt skal Samgöngustofa skera úr ágreiningi með úrskurði.

Samkvæmt 1. mgr. 204. gr. sömu laga er flugrekanda skylt að veita farþegum aðstoð og eftir atvikum greiða þeim bætur, í samræmi við þau skilyrði sem sett eru í reglugerð sem ráðherra setur, ef: tjón hefur orðið vegna tafa á flutningi, farþega er neitað um far, flugi er aflýst eða þegar flutningi er flýtt.

Um réttindi flugfarþega er fjallað í reglugerð EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sem var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 1048/2012. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 1048/2012 er Samgöngustofa sá aðili sem ber ábyrgð á framkvæmd reglugerðarinnar samanber 16. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004.

Um seinkun á flugi og þá aðstoð sem flugrekandi skal veita í slíkum tilvikum er fjallað um í 6. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Þar kemur hins vegar ekki fram með skýrum hætti að flugrekandi skuli greiða bætur skv. 7. gr. reglugerðarinnar vegna tafa eða seinkunar eins og átt getur við þegar flugi er aflýst sbr. 5. gr. reglugerðarinnar. Með dómi Evrópudómstólsins frá 19. nóvember 2009, í sameinuðum málum C-402/07 og C-432/07, komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að túlka bæri reglugerð EB nr. 261/2004 með þeim hætti að farþegar sem verða fyrir seinkun á flugi sínu sbr. 6. gr. reglugerðarinnar, eigi að fá sömu meðferð og farþegar flugs sem er aflýst sbr. 5. gr.

Af þessu leiðir að allir farþegar sem verða fyrir þriggja tíma seinkun á flugi sínu eða meira, og koma á ákvörðunarstað þremur tímum seinna eða meira en upprunalega áætlun flugrekandans kvað á um, eiga rétt á bótum skv. 7. gr., nema flugrekandi geti sýnt fram á að töfin hafi verið vegna óviðráðanlegra aðstæðna sem ekki hefði verið hægt að afstýra jafnvel þótt gerðar hefðu verið allar nauðsynlegar ráðstafanir sbr. 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar.

Fyrir liggur í málinu að kvartendur áttu bókað far með flugi nr. EZY1806 frá Keflavík til Manchester þann 21. febrúar 2022 og að fluginu seinkaði um sólarhring. Álitæfni þessa máls er hvort að seinkun á flugi kvartenda er bótaskyld á grundvelli reglugerðar EB nr. 261/2004, sbr. reglugerð nr. 1048/2012.

Í því samhengi kemur til skoðunar hvort að seinkun á flugi kvartenda megi rekja til óviðráðanlegra aðstæðna í skilningi 3. mgr. 5. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004.

Í svari EJ vegna kvörtunar kvartenda vísaði flugrekandinn til þess að ekki væri um bótaábyrgð að ræða vegna seinkunar á flugi nr. EZY1806 þann 21. febrúar 2022 þar sem umrædd seinkun á flugi kvartenda falli í flokk óviðráðanlegra aðstæðna samkvæmt 3. mgr. 5. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004, sökum slæmra veðuraðstæðna og lagði flugrekandinn fram veðurgögn máli sínu til stuðnings.

Við meðferð málsins var sérfræðingur flugrekstrardeildar SGS beðinn um að leggja mat á framlögð veðurgögn EJ til að skera úr um hvort að veðuraðstæður í Keflavík þann 21. febrúar 2022 hafi verið með þeim hætti að forsvaranlegt hafi verið af hálfu EJ að aflýsa flugi kvartenda.

Í svari sérfræðings flugrekstrardeildar SGS kom fram að veðuraðstæður í Keflavík hafi verið mjög slæmar að kvöldi þann 21. febrúar 2022, svokallað aftakaveður. Með hliðsjón af þeim upplýsingum sem koma fram í svari sérfræðings flugrekstrardeildar SGS er það mat stofnunarinnar að seinkun á flugi kvartenda nr. EZY1806 þann 21. febrúar 2022 falli í flokk óviðráðanlegra aðstæðna í skilningi 3. mgr. 5. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004.

Þrátt fyrir að 3. mgr. 5. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004 eigi við verður engu að síður að gera kröfu til viðkomandi flugrekanda um að lágmarka neikvæðar afleiðingar af hinu óviðráðanlega atviki.

Af gögnum málsins má ráða að flug kvartenda til Luton var framkvæmt næsta dag. Í því samhengi ber að nefna að talsverð röskun varð á flugi á Keflavíkurflugvelli næsta dag sökum slæmra veðuraðstæðna. Að mati SGS hefur EJ sýnt fram á að félagið hafi lagt sig fram við að takmarka afleiðingar af hinum óviðráðanlegu aðstæðum eftir bestu getu. Að framangreindu virtu telur SGS að skilyrði bótaskyldu skv. 7. gr. reglugerðarinnar ekki vera uppfyllt í máli þessu varðandi seinkun á flugi nr. EZY1806 þann 21. febrúar 2022. Ber því að hafna kröfu kvartenda um staðlaðar skaðabætur á grundvelli reglugerð EB nr. 261/2004, sbr. reglugerð nr. 1048/2012.

Úrskurðarorð

Kröfum kvartenda um staðlaðar skaðabætur úr hendi Easy Jet vegna seinkunar á flugi nr. EZY1806 þann 21. febrúar 2022 samkvæmt reglugerð EB nr. 261/2004 sbr. reglugerð 1048/2012, er hafnað.

Samkvæmt 4. mgr. 208. gr. laga um loftferðir nr. 80/2022 verður úrskurði Samgöngustofu ekki skotið til annarra stjórnvalda. Þegar úrskurður hefur verið kveðinn upp geta aðilar lagt ágreining sinn fyrir dómstól á venjulegan máta.

Reykjavík, 25. mars 2024

Ómar Sveinsson

Sædís Birtar Barkardóttir